

Umsókn um aðgangsauðkenni auglýsanda.

Ég undirritaður umsækjandi um aðgangsauðkenni (notandanafn og aðgangsorð) auglýsanda að rafrænu auglýsingakerfi Lögbirtingablaðs á netinu hef kynnt mér eftirfarandi skilmála og ábyrgist að fara eftir þeim í hvívetna.

Einungis þeir, sem geta gefið út auglýsingar sem skylt er að birta í Lögbirtingablaði, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, geta sótt um aðgangsauðkenni auglýsanda. Skrifstofa Lögbirtingablaðs getur þó hafnað innsendum auglýsingum, sbr. 5. gr. laganna.

Aðgangur veitir heimild til að senda inn rafrænar auglýsingar til birtingar í rafrænu Lögbirtingablaði og ótakmarkaðan aðgang að eigin auglýsingum frá upphafi aðgangs.

Auglýsingar sem sendar verða inn með auðkenni sem úthlutað er á grundvelli samþykkis þessarar umsóknar skoðast jafngildar og auglýsandi hefur undirritað þær eigin hendi.

Aðgangsauðkenni sem hefur verið úthlutað eru tengd við einn auglýsanda sem ber ábyrgð á því að þau verði ekki misnotuð. Öll notkun á grundvelli úthlutaðra aðgangsaúkenna að rafrænu auglýsingakerfi Lögbirtingablaðs, er algerlega á ábyrgð auglýsanda.

Hver sá sem aflar sér aðgangsauðkenna auglýsanda með ólöglegum hætti og/eða miðlar þeim áfram með ólöglegum hætti getur átt von á kærri og/eða lögsókn. Aðgangsaúkenni auglýsanda skal eingöngu veita móttöku ef þau koma beint frá skrifstofu Lögbirtingablaðs eða í undirrituðu ábyrgðarbréfi frá skrifstofunni.

Umsókn þessi skal útfyllt, undirrituð, dagsett og send skrifstofu Lögbirtingablaðs á heimilisfangið: Lögbirtingablaðið, Ránarbraut 1, 870 Vík. Við móttöku og staðfestingu verður ábyrgðarbréf með notandanafni og lykilorði sent umsækjanda. Einnig má afhenda umsókn þessa á skrifstofu Lögbirtingablaðsins.

Nafn auglýsanda: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer og staður: _____ Sími: _____

Netfang: _____

Dagsetning og staður: _____

Undirskrift auglýsanda/ábyrgðarmanns: _____